

Sp.

94. Tillaga til þingsályktunar

[73. mál]

um sildariðnað á Austurlandi.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvornig koma megi á fót á Austurlandi fjölbreyttari hagnýtingu síldar en fæst með bræðslu hennar og söltun, eins og nú tíðkast.

Greinargerð.

Það er mjög mikilvægt að auka verðmæti síldarafurðanna frá því, sem nú er. Það er sjálfsagt þó nokkuð margt, sem komið gæti til greina í þessum efnum, og má m. a. nefna niðursuðu, niðurlagningu og reykingu síldarinnar. Allar hafa þessar verkunaraðferðir átt erfitt uppdráttar á Íslandi, þótt aðrar þjóðir hafi verið stórtækar í þessum efnum. Íslandssildin er viðurkennd gæðavara, og er Austfjarða- og Suðurlandssildin, sem er hvor tveggja ekki alveg eins feit og Norðurlandssildin, prýðisvel fallin til þessara hluta. Hér skal ekki rakin saga þessara mála hér á landi, en það er engum vafa undirorpið, að Íslendingar geta orðið liðtækir í slíkri framleiðslu fyrir heimsmarkaðinn eins og aðrar þjóðir. Það væri því mjög mikilvægt, ef ríkisstjórnin vildi beita sér fyrir, að myndarlegt átak yrði gert í þessum efnum á Austurlandi. Hér er sérstaklega bent á Austurland, vegna þess að síldin virðist nú halda sig þar einna mest, og svo er þar lítið um atvinnu að vetrarlagi, einkum á norðlægari fjörðunum. Slíkur iðnaður væri tilvalinn til að bæta þar úr árstíða- bundnu atvinnuleysi.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi lítið breytt, en varð þá ekki útrædd.